Íþróttakennaraskóli Íslands

Vorönn 1997

Lokaritgerð



Nemandi:
Björg Ólöf Sigurþórsdóttir

Íþróttakennaraskóli Íslands
Lokaritgerð

Vorönn 1997

UNGMENNAFÉLAGIÐ SNÆFELL

Nemandi:
Björg Ólöf Sigurþórsdóttir

Umsjónarkennari:
Guðbjörg Daníelsdóttir

Leiðsögukennari:
Ingimar Jónsson

ÁGRIP

Það má segja að í Stykkishólmi hafi alla tíð verið mikið íþróttalíf. Áður en ungmennafélagið var stofnað þá var glíman æfð af kappi. Fyrsta glímufélagið var stofnað árið 1897, en ekki eru til neinar aðrar heimildir um þetta félag en þær að það hafi verið stofnað. Síðan voru *Stykkishólms glímufélagið* og *Leikfimifélagið Fram* stofnuð, en þau voru sameinuð í eitt þ.e. *Glímufélagið Þór*. Félagið starfaði fram til 1930 en þá lognaðist það út af. Glímufélagið Þór sá um að halda sýsluglímuna og Þórsglímuna á meðan að félagið var starfrækt. Bæði þessi mót lögðust niður þegar félagið hætti.

Ungmennafélagið Snæfell í Stykkishólmi var síðan stofnað þann 23.október 1938. Upphafsmaður félagsins var Daníel Ágústínusson þá sambandsritari UMFÍ. Hann var einnig fyrsti formaður ungmennafélagsins. Félagið hélt fundi eins og önnur félög þar sem starfsemi þess var rædd svo og önnur málefni sem félagsmenn höfðu áhuga á að ræða. Félagið var duglegt við að koma af stað ýmsum framkvæmdum til þess að bæta íþróttaaðstöðuna í Stykkishólmi. Félagið stóð t.d. á bak við byggingu íþróttahússins og sundlaugarinnar svo og gerð íþróttavallarins. Það má því segja að félagið hafi verið mikil driffjöður fyrir bæjarfélagið. Ungmennafélagið átti einnig marga góða íþróttamenn bæði í badmintoni og frjálsum íþróttum. Félagið átti Íslandsmeistara í báðum þessum íþróttagreinum. Það hefur oft verið talað um Stykkishólm sem vöggu badmintoníþróttarinnar vegna þess hve áhugi Hólmara fyrir badmintoni var mikill og árangur þeirra góður. Þessi árangur félagsins verður að teljast mjög góður miðað við það að á þessum árum voru
íbúar Stykkishólms ekki mjög margir. Þegar félagið var stofnað þá voru íbúar Stykkishólms 634 en um 1960 voru þeir orðnir 906. Vegna þess hversu lítið bæjarfélagið var þá gat oft verið erfitt að halda uppi þjálfun margra íþróttagreina í einu og því lögðust þær oft fljótt niður vegna lélegrar þátttöku.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR 1

I. UM ÍÞRÓTTIR Í STYKKISHÓLMI FYRIR 1938 2

1.1. Fyrstu félögin 2
1.2. Þórólfur Mostraskegg 3
1.3. Stúlknafélagið Perlan 6
1.4. Hólmverjar 6

II. STOFNFUNDUR UMF. SNÆFELLS 8

III. ALMENN STARFSEMI UMF. SNÆFELLS 1938-1960 11

3.1. Skemmtifundir 11
3.2. Árblik 13
3.3. Almennar skemmtanir 13
3.4. Taflflokkur 14
3.5. Leikstarfsemi 14
3.6. Gufubaðstofan 16

IV. ÍÞRÓTTAMANNVIRKI 16

4.1. Íþróttavöllur 16
4.2. Íþróttahús 17
4.3. Sundlaug 18

V. ÍÞRÓTTALÍFIÐ Á ÁRUNUM 1938 TIL 1960 20

5.1. Fjallgöngur 20
5.2. Sund 21
5.3. Handknattleikur 22
5.4. Körfuknattleikur 24
5.5. Knattspyrna 25
5.6. Frjálsar íþróttir 25
5.7. Skíðaganga 29

5.8. Badminton 30
5.8.1. Badminton á Íslandi 30
5.8.2. Vagga badmintoníþróttarinnar 30
5.8.3. Íslandsmót 32
5.8.4. Innanfélagsmót 35
5.8.5. Bæjarkeppni 37
5.8.6. Samantekt 37

LOKAORÐ 39

INNGANGUR

Efnið sem ég hef valið að taka fyrir í lokaritgerð minni er saga Ungmennafélagisns Snæfells í Stykkishólmi. Ástæða þess að þetta efni varð fyrir valinu er sú að þetta er það félag sem ég svo að segja ólst upp hjá og einnig á félagið stórafmæli á næsta ári. Þá verða 60 ár liðin síðan að félagið var stofnað. Mér fannst því alveg tilvalið að velja þetta efni fyrir lokaritgerð mína. Það hefur ekki verið skrifuð nein bók um sögu félagsins og því er flestar upplýsingar að finna í gömlum fundargerðarbókum frá félaginu og svo hjá þeim einstaklingum sem voru þátttakendur í starfsemi ungmennafélagsins á þessum árum. Þær munnlegu heimildir sem ég nota eru frá fimm einstaklingum þ.e. þeim Ágústi og Ingu Bjartmars, Ingveldi Sigurðardóttur, Lárusi Kr. Jónssyni og Sigurþóri Guðmundssyni. Pálmi Frímannsson tók á sínum tíma saman efni um ungmennafélagið á 50 ára afmæli þess og mun ég því einnig styðjast við það.

Ég hef ákveðið að afmarka efnið þannig að ég mun ekki skrifa um sögu félagins til dagsins í dag heldur fram til 1960. Með þessari afmörkun vonast ég til þess að geta tekið söguna betur fyrir heldur en ef ég tæki allt tímabilið. Ég ætla einnig að fjalla örlítið um þau félög sem að voru starfrækt í Stykkishólmi áður en ungmennafélagið var stofnað og segja frá tilgangi þeirra og hvað þau gerðu. Ég byggi ritgerðina þannig upp að ég geri grein fyrir hverri íþróttagrein fyrir sig sem stunduð hefur verið á vegum félagsins. Ég mun segja frá íþróttagreinum hvort sem þær hafa verið stundaðar á vegum félagsins í lengri eða skemmri tíma þar sem ég tel þetta allt vera hluta af sögu félagsins. Þar sem badmintoníþróttin var mjög vinsæl í Stykkishólmi á þessum árum þá fjalla ég ýtarlegar um hana miðað við aðrar íþróttagreinar. Þegar talað er um sögu Snæfells þá má heldur ekki gleyma þeim íþróttamannvirkjum sem reist voru í bænum, en þar var félagið virkur þátttakandi. Því verður einnig fjallað um það í sérstökum kafla. Ástæða þess að ég hef ákveðið að taka hverja grein fyrir sig, en ekki hvert ár, er sú að ég tel það koma betur út þannig. Með því að byggja ritgerðina svona upp þá vona ég að lesandinn fái betri heildarsýn yfir starfsemi félagsins og að lesturinn verði auðveldari. Einnig á ritgerðin að vera gagnleg fyrir þá sem eru að leita sér að upplýsingum í sambandi við einhverja ákveðna íþróttagrein sem iðkuð hefur verið innan félagsins.

I. UM ÍÞRÓTTIR Í STYKKISHÓMI FYRIR 1938

1.1. Fyrstu félögin

Nokkur félög voru búin að vera starfandi í Stykkishólmi löngu áður en Ungmennafélagið Snæfell var stofnað. Í grein eftir Lúðvík Kristjánsson (1986), þar sem hann segir frá glímu og glímufélögum á Snæfellsnesi, kemur fram að fært hafi verið í gjörðabók Glímufélagsins Þórs 17. nóvember 1927 eftir Þorleifi Jóhannessyni, verkstjóra (f.1878, d.1944), að fyrst hafi glímufélag verið stofnað í Stykkishólmi í janúar 1897. Því miður er ekkert vitað frekar um starfsemi þessa félags né upphaf þess. Næst var stofnað *Stykkishólms glímufélag*, 15. desember 1901, en frumkvöðull að stofnun þess félags var séra Sigurður Gunnarsson. Í grein Lúðvíks Kristjánssonar er einnig sagt frá því að séra Sigurður hafi jafnframt kennt glímu til ársins 1916. Tilgangur *Stykkishólms glímufélagsins* er sagður hafa verið að auka þekkingu manna á glímu ásamt því að æfa og efla glímu á meðal félagsmanna svo og að komast í samband við önnur félög, þar sem þau væru. Þremur árum eftir að *Stykkishólms glímufélag* var stofnað eða árið 1904, þá var *Leikfimifélagið Fram* stofnað. Tilgangur þess félags var að iðka líkamsæfingar og glímu. Það leið þó ekki á löngu þar til menn sáu að ef glíman ætti að taka einhverjum framförum meðal Hólmara þá þyrfti að sameina *Stykkishólms glímufélagið* og *Leikfimifélagið Fram*. Það var síðan gert og í byrjun desember 1909 var *Glímufélagið Þór* stofnað. Það má þó eiginlega segja að þarna hafi einkum verið um nafnbreytingu að ræða samkvæmt grein Lúðvíks Kristjánssonar þar sem að sama gjörðabók var fyrir þessi tvö félög. Í lok ársins 1911 var síðan stofnuð unglinga- og drengjadeild innan *Glímufélagsins Þórs*. Félagið gerði meira en að sinna glímu því að 1916 voru keypt leikfimitæki, en þau voru notuð af skólanum og félagsmönnum Þórs. Félagið reyndi einnig að sjá um sundkennslu. Kennslan fór einkum fram í eystra vatninu í Vatnsmýrinni, en einnig var gerð tilraun í Skjaldarvatninu í nánd við Ögur. Glímufélagið Þór gekk síðan í Íþróttasamband Íslands 1922. (Lúðvík Kristjánsson. 1986:8-19)

Í grein Lúðvíks Kristjánssonar (1986) er sagt frá því að fyrsta kappglímumót Þórs hafi verið haldið 19. mars 1910. Þátttakendur voru tíu og var það Hildimundur Björnsson sem vann glímuna. Hann var því fyrsti glímukappi Þórs. Sá sem hlaut verðlaunin 1911 var Kristján Árnason, en hann vann einnig næstu tvö Þórsglímumót er fram fóru. Kristján Árnason vann því verðlaunapeninginn til eignar eftir að hafa unnið hann þrisvar í röð. Keppt var um hinn svokallaða Þórshamar í fyrsta sinn 1916, en hann var keyptur eftir að Kristján Árnason hafði unnið verðlaunapeninginn til eignar. Kristján Árnason var svo fyrstur til þess að vinna Þórshamarinn. Það var Hjörtur Guðmundsson sem síðan vann Þórshamarinn til eignar, en hann varð Þórsglímumeistari þrisvar 1922, 1923 og 1924. Einungis þrír menn unnu verðlaun til sigurs þrisvar í röð en auk þeirra Hjartar Guðmundssonar og Kristjáns Árnasonar þá vann Þórður frá Hjarðarfelli einnig þrisvar í röð. Lúðvík Kristjánsson (1986) segir frá því að síðasta Þórsglíman hafi verið haldin 23. mars 1929. Sá sem hlaut Þórshamarinn síðastur var Björn Hildimundarson. Til gamans má geta þess að hann var sonur Hildimundar Björnssonar sem var fyrstur til þess að hljóta verðlaun á glímumóti Þórs.

Um og eftir 1930 fór glíman að lognast út af í Stykkishólmi. Ástæðurnar eru taldar hafa verið einkum tvær. Í fyrsta lagi þá fór að fækka í félaginu. Flestir duglegustu og bestu glímumennirnir fóru burt frá Stykkishómi. Þar á meðal voru tveir sem fóru til þess að undirbúa sig fyrir þátttöku í glímunni á Þingvöllum 1930. Þeir sem voru valdir, að sögn Ágústar Bjartmars (10.03.1997) voru Hallgrímur Oddsson og Ólafur Þorleifsson, en því miður þá unnu þeir ekki rétt til þátttöku þar. Í öðru lagi þá var um svipað leyti stofnað ungmennafélag og var búist við að það myndi annast það sem Glímufélagið Þór hafði verið með, en svo varð því miður ekki. Því lögðust niður bæði sýsluglíman og Þórsglíman. Glímufélagið Þór sá um sýsluglímuna fyrir Snæfellinga og Þórsglímuna sem var innanfélagsmót.

1.2. Þórólfur Mostraskegg

Um þær mundir sem að félagið Þórólfur Mostraskegg var stofnað stóð heimskreppan yfir, en hún náði til Íslands um 1930 og 1931. Hennar varð auðvitað vart í Stykkishólmi eins og annar staðar. Þessi tími var fjárhagslega erfiður. Að sögn Lárusar Kr. Jónssonar (17.01.1997) þá voru þetta einnig erfið ár í félags- og atvinnulífi bæjarins. Unga fólkið í Stykkishólmi hafði lítið við að vera á þessum

tíma, nema það eitt að rápa um götur og skeggræða um hitt og þetta. Til þess að reyna að bæta ástandið í bænum þá voru það þrír ágætismenn sem tóku til sinna ráða. Það voru þeir Lárus Kr. Jónsson klæðskeri, Jóhann Rafnsson skrifstofumaður og Kristján Guðmundsson iðnaðarmaður sem ákváðu að stofna málfundafélag og var það nefnt *Þórólfur Mostraskegg*. Nafnið var tekið eftir landnámsmanninum Þórólfi Mostraskegg sem nam land á Þórsnesinu þar sem Stykkishólmur stendur. Stofnfundur félagsins fór fram miðvikudaginn 13. janúar 1937 á Hótel Þórsnesi sem stóð niðri við höfnina. Þórólfur Mostraskegg var félag ungra manna og þjónaði Stykkishólmskauptúni og nágrenni. Í lögum félagsins stendur að tilgangur og stefna félagsins sé samkvæmt 3. grein:

a) Að efla félagslyndi og félagslega starfhæfni æskumanna og kvenna á félagssvæðinu.

b) Að vernda og efla lýðréttindi Íslendinga og vekja virðingu fyrir þeim og öðrum menningar og þjóðernislegum verðmætum.

c) Að kynnast þjóðhagslegum málefnum, bókmenntum og öðru er menningarauki er að.

d) Að vinna að framkvæmd félagslegra áhugamála æskufólks á félagssvæðinu.

(Þórólfur Mostraskegg. 1937-1938:1)

Eins og fram kemur í a-lið þá er talað um að félagið eigi að efla félagslyndi og félagslega starfhæfni æskumanna og kvenna á félagssvæðinu. En það kom þó í ljós þegar ég fór að ræða við Lárus Kr. Jónsson að þá voru engar stúlkur í félaginu. "Þær máttu ekki koma þar nærri því þær áttu að hafa svo slæm áhrif á piltana." (Lárus Kr. Jónsson. 17.01.1997) Þannig að það virðist vera að ekki hafi verið alveg starfað í samræmi við gildandi lög félagsins. Í Þórólfi Mostraskegg (1937-1938) kom síðan fram að félagar geta piltar og stúlkur á starfssvæðinu orðið er náð hafa 14 ára aldri og til 30 ára aldurs. En er félagsmenn verða 35 ára missi þeir félagsréttindi sín.

Félagsfundir voru ekki haldnir neina ákveðna daga heldur einkum þá er henta þótti. En það þótti þó mikilvægt að verkefni funda og önnur starfsemi væri í

samræmi við þriðju grein laganna. Aðalfund átti að halda í janúarmánuði ár hvert og þá átti að kjósa stjórn fyrir félagið og leggja fram reikninga. Stjórn félagsins átti að vera skipuð fimm mönnum og þá kosnum til eins árs í senn. Félagsmönnum bar skylda til þess að taka við kosningu. Stjórnin skyldi gæta í einu og öllu velferðar félagsins og hafði hver meðlimur stjórnarinnar skyldum að gegna. Aðalfundur var aðeins lögmætur ef helmingur félagsmanna var mættur.

Í félaginu voru í upphafi 33 piltar. "Á fyrsta fundi félagsins kom tillaga frá Kristjáni Guðmundssyni um stjórnarmyndun og voru tilnefndir: Þorlákur Ebenesersson formaður, Kristinn Jónsson ritari, Haraldur Ísleifsson gjaldkeri, Hinrik Guðmundsson varaformaður og Benedikt Brynjólfsson meðstjórnandi. Var þessi tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum." (Þorólfur Mostraskegg 1937-1938:18-19) Á fundinum var einnig kosið í nefndir eins og málefnanefnd, kóranefnd, nefnd sem átti að undirbúa talæfingar og stjórninni var svo falið að sjá um að athuga með húsnæði til félagsfunda. Félagið fékk stofu hjá Margréti Bjarnason sýslumannsfrú fyrir 10-15 kr. á mánuði til þess að halda fundi. Á næsta fundi sem var haldinn viku síðar var svo kosið í íþróttanefnd. Þeir sem hlutu kosningu samkvæmt fundargerðarbókinni voru þeir Geir Einarsson, Magnús Bjarnason og Brandur Ögmundarson.

Á þessum tíma var skólaganga barna ekki mjög löng. "Í skólanum voru ekki nema þrír bekkir. Kennsla hófst kl. 9:00 og lauk kl. 15:00. Skólinn byrjaði í september en var hætt í maí. Skólaganga barnanna var einnig mislöng." (Lárus Kr. Jónssons. 17.01.1997) Félagið gerði piltunum því mjög gott því þar lærðu t.d. að lesa kvæði, tefla, spila og halda ræður. Á vegum félagsins var stofnaður fræðsluhringur þar sem lesnar skyldu sögur, náttúrufræði og landafræði. Hann átti einnig að starfa sem skemmtihringur. Í fundargerðarbók félagsins kemur fram að það hafi gefið út blað sem var kallað Árblik. Ýmis málefni voru rædd á fundum s.s. um gerð íþróttavallar fyrir fótbolta og frjálsar íþróttir, sundlaugar og íþróttahúss.

Starfsemi félagsins lauk síðan þegar Ungmennafélagið Snæfell var stofnað ári síðar, en Þórólfur Mostraskegg sameinaðist ungmennafélaginu.

1.3. Stúlknafélagið Perlan

Annað félag var stofnað á svipuðum tíma og Þórólfur Mostraskegg. Það var stúlknafélagið Perlan. Það er því miður ekki vitað upp á dag hvenær félagið var stofnað, þar sem að ekki hefur fundist nein fundargerðarbók frá því félagi. Þegar ég ræddi við Ingu Bjartmars (17.01.1997) þá minntist hún þess ekki að sett hefðu verið einhver lög innan félagsins. En eins og fyrr sagði þá fengu stúlkur ekki að vera meðlimir í Þórólfi Mostraskegg, þó svo að reglurnar segðu annað. "Þær hófu starfsemi sína eitthvað seinna en piltarnir, en sama ár. Þær voru búnar að starfa í um það bil eitt ár þegar ungmennafélagið var stofnað." (Inga Bjartmars 17.01.1997) Sú sem var upphafsmaður Perlanna hét Sesselja Konráðsdóttir, en hún var einnig kennari við barnaskólann frá 1919 til 1949. Sesselja var skólastjóri 1919-20 og aftur 1943-1947 samkvæmt Kennaratali á Íslandi II (1985). Að sögn Ingu Bjartmars þá hittust stúlkurnar oftast heima hjá Sesselju og sagði hún þeim til við sauma. Inga talar einnig um að þegar stúlkurnar komu saman þá var alltaf lesin framhaldssaga og talað saman um daginn og veginn. Þetta voru um 10 til 15 stúlkur sem að voru í Perlunum. Aldursmunurinn á stúlkunum var ekki mikill. Þær voru á aldrinum tólf eða þrettán ára og upp í tvítugt. Fyrir utan það að hittast hjá Sesselju og sitja við sauma þá segir Inga frá því að stúlkurnar hafi einu sinni farið saman í ferðalag. "Farið var upp að Rauðamelsölkeldu á rútu. Þar var síðan farið í leiki, skoðað sig um og haft það skemmtilegt." (Inga Bjartmars. 17.01.1997) Starfsemi Perlanna hætti síðan er þær sameinuðust Ungmennafélaginu Snæfelli eins og félagar Þórólfs Mostraskeggs í lok október 1938.

1.4. Hólmverjar

Hólmverjar var skátafélag sem var starfrækt í Stykkishólmi. "Skátarnir byrjuðu að starfa á árunum 1937-1938. Félagið var í mestum blóma til ársins 1942, en það fór síðan að halla undan fæti eftir það. Það þurfti að lúta í lægra haldi fyrir boltanum og frjálsíþróttunum. Þegar verið var að stofna ungmennafélagið þá vildi Daníel Ágústínusson að skátarnir gengju ásamt Þórólfi Mostraskeggi og Perlunum inn í ungmennafélagið. En félagar Hólmverja sögðu þeim að það væri ómögulegt að félagið gengi í ungmennafélagið þar sem að skátafélag væri allt annað en ungmennafélag. Þetta vildu meðlimir ungmennafélagsins ekki samþykkja þannig að

skátarnir neituðu að ganga í ungmennafélagið. Þeir hefðu þó hver fyrir sig getað gengið inn í félagið, en ungmennafélagið vildi fá skátana inn sem félag. Aftur á móti þá kepptu félögin stundum sín á milli í skák og frjálsum íþróttum eða á meðan félagið var starfrækt." (Ágúst Bjartmars. 12.01.1997)

II. STOFNFUNDUR UMF. SNÆFELLS

Hvorki félagar í Þórólfi Mostraskegg né í Perlunni virtust vera alveg sáttir við það að ganga í ungmennafélagið. Þar sem bæði félögin vissu að ef af sameiningu yrði þá myndi starfsemi félaganna breytast í samræmi við reglur UMFÍ. Sá maður sem vildi starfrækja ungmennafélag á staðnum var Daníel Ágústínusson, þá sambandsritari UMFÍ og síðar formaður Ungmennafélagsins Snæfells fyrsta árið. Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) kemur fram að Daníel Ágústínusson taldi það nauðsynlegt að ungmennafélag væri starfandi á stað sem Stykkishólmi og að félaginu bæri skylda til að sjá um íþróttamál, skemmtanalíf svo og ýmsa fræðslustarfsemi. Einnig taldi hann það skyldu félagsins að hafa forystu í ýmsum verklegum framkvæmdum svo sem í gerð íþróttavallar, sundlaugar, skíðaskála og leikfimishúss svo eitthvað sé nefnt. Daníel taldi að ekki væri hægt að stofna ungmennafélag nema að Perlurnar og Þórólfur Mostraskegg myndu sameinast. Þeir félagar í Þórólfi Mostraskeggi skipuðu því þriggja manna nefnd til þess að athuga hvað félagið gæti gert vegna þessarar málaleitunar Daníels Ágústínussonar. Samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) áttu þessir sæti í nefndinnni: Kristinn Jónsson, Ólafur Einarsson og Guðmundur Ágústsson til vara Jóhann Rafnsson. Í Þórólfi Mostraskegg (1937-1938) kemur glögglega í ljós að félagsmenn Þórólfs Mostraskeggs vildu að þeir einstaklingar sem að hefðu hug á að stofna ungmennafélag myndu ganga inn í Þórólf Mostraskegg. Svo yrði reynt að vinna að því að breyta félaginu í ungmennafélag sem myndi vinna á breiðari grundvelli en Þórólfur Mostraskegg hafði gert til þessa. En þessu var Daníel Ágústínusson ekki samþykkur þar sem að hann taldi að með þessari breytingu væru enn einstaklingar sem ekki gætu orðið félagar í ungmennafélaginu. Perlurnar kusu sér einnig fulltrúa samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) til þess að skoða þessi mál vandlega en það voru þær Maggý Lárenzínusdóttir, Maggý Jónsdóttir og Áslaug Þorvaldsdóttir. Daníel Ágústínusson starfaði með báðum nefndunum. Ásamt honum gerðu nefndirnar síðan uppkast að lögum fyrir væntanlegt ungmennafélag.

II. STOFNFUNDUR UMF. SNÆFELLS

Hvorki félagar í Þórólfi Mostraskegg né í Perlunni virtust vera alveg sáttir við það að ganga í ungmennafélagið. Þar sem bæði félögin vissu að ef af sameiningu yrði þá myndi starfsemi félaganna breytast í samræmi við reglur UMFÍ. Sá maður sem vildi starfrækja ungmennafélag á staðnum var Daníel Ágústínusson, þá sambandsritari UMFÍ og síðar formaður Ungmennafélagsins Snæfells fyrsta árið. Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) kemur fram að Daníel Ágústínusson taldi það nauðsynlegt að ungmennafélag væri starfandi á stað sem Stykkishólmi og að félaginu bæri skylda til að sjá um íþróttamál, skemmtanalíf svo og ýmsa fræðslustarfsemi. Einnig taldi hann það skyldu félagsins að hafa forystu í ýmsum verklegum framkvæmdum svo sem í gerð íþróttavallar, sundlaugar, skíðaskála og leikfimishúss svo eitthvað sé nefnt. Daníel taldi að ekki væri hægt að stofna ungmennafélag nema að Perlurnar og Þórólfur Mostraskegg myndu sameinast. Þeir félagar í Þórólfi Mostraskeggi skipuðu því þriggja manna nefnd til þess að athuga hvað félagið gæti gert vegna þessarar málaleitunar Daníels Ágústínussonar. Samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) áttu þessir sæti í nefndinnni: Kristinn Jónsson, Ólafur Einarsson og Guðmundur Ágústsson til vara Jóhann Rafnsson. Í Þórólfi Mostraskegg (1937-1938) kemur glögglega í ljós að félagsmenn Þórólfs Mostraskeggs vildu að þeir einstaklingar sem að hefðu hug á að stofna ungmennafélag myndu ganga inn í Þórólf Mostraskegg. Svo yrði reynt að vinna að því að breyta félaginu í ungmennafélag sem myndi vinna á breiðari grundvelli en Þórólfur Mostraskegg hafði gert til þessa. En þessu var Daníel Ágústínusson ekki samþykkur þar sem að hann taldi að með þessari breytingu væru enn einstaklingar sem ekki gætu orðið félagar í ungmennafélaginu. Perlurnar kusu sér einnig fulltrúa samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) til þess að skoða þessi mál vandlega en það voru þær Maggý Lárenzínusdóttir, Maggý Jónsdóttir og Áslaug Þorvaldsdóttir. Daníel Ágústínusson starfaði með báðum nefndunum. Ásamt honum gerðu nefndirnar síðan uppkast að lögum fyrir væntanlegt ungmennafélag.

Það var svo Daníel Ágústínusson sem boðaði til almenns æskulýðsfundar í samkomuhúsinu þann 23. október 1938. Báðar nefndirnar frá Þórólfi Mostraskegg og Perlunum voru mættar á fundinn svo og aðrir bæjarbúar sem höfðu áhuga á því sem þar fór fram. Á þessum fundi gerðist það svo að félagar Þórólfs Mostraskeggs og Perlanna gengu í ungmennafélagið. Þar með lauk starfsemi þessara tveggja félaga. Til þess að geta orðið félagi í ungmennafélaginu þurfti viðkomandi að vera orðin 14 ára. Nokkrar af meðlimum Perlanna voru yngri en 14 ára og þurfti að veita þeim undanþágu til þess að þær gætu gengið í félagið líka, en Perlan gekk sem heild inní UMF. Snæfell. Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) má sjá að stofnendur ungmennafélagsins hafi verið 49, það er 26 karlar og 23 konur. Á þessum fundi voru lög félagsins samþykkt og því gefið nafn. Það var Maggý Lárenzínusdóttir sem kom með nafnið Snæfell, en nafnið má bæði rekja til Snæfellsjökuls og Snæfellsnes.

Í UMF. Snæfell (1938) þar sem lög félagins eru skráð kemur fram að félagssvæði þess sé Stykkishólmshreppur og að félagið sé deild í UMFÍ Þar kemur einnig fram að starfsemi félagsins eigi að hafa ákveðinn tilgang sem skyldi vera í samræmi við stefnuskrá UMFÍ og var tilgangurinn eftirfarandi:

a. Að vernda og efla stjórnarfarslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðingu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum og annarra.

b. Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningar-þroska með fræðslu og líkamsþjálfun og til að rökhugsa þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.

c. Að vernda æskulýð landsins gegn neyslu áfengra drykkja og vinna að útrýmingu skaðnautna úr landinu.

d. Að vinna að því að næg og lífvænleg atvinna bíði allra unglinga er vaxa upp í landinu þegar þeir hafa náð starfsaldri eða lokið námi.

e. Að beita sér fyrir heimilisiðnaði, verndun skógarleifa og skógrækt og þjóðlegum skemmtunum.

f. Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðsins í meðferð fjármuna sinna, verndun heilsunnar og fegrun og hreinsun móðurmálsins.

(UM F. Snæfell 22.10 1938 bls.1-2)

Tilgangi félagsins átti að ná með því að halda fundi þar sem fluttir yrðu fyrirlestrar af félagsmönnunum sjálfum. Á fundum áttu að vera umræður, upplestur á ljóðum og sögum, söngur, íþróttir og allt það sem að efla myndi þroska einstaklinganna.

Til þess að geta gengið í ungmennafélagið þurfti að greiða ákveðið inntökugjald, en það greiddu þó ekki allir jafn mikið. Eins og segir í fundargerðarbók félagsins: "Inntökugjaldið er kr. 1,00 fyrir unglinga 14-18 ára og kvenfólk, en kr. 2,00 fyrir karlmenn eldri en 18 ára. Ársgjöld eru kr. 4,00 fyrir karla eldri en 18 ára, kr. 3,00 fyrir unglinga 16-18 ára og kvenfólk og kr. 2,00 fyrir unglinga 14-16 ára." (UMF. Snæfell 22.10 1938:.3-4)

III. ALMENN STARFSEMI UMF. SNÆFELLS 1938-1960

Það var ýmislegt gert innan ungmennafélaganna í landinu annað en að stunda íþróttir. Því eins og fram kemur í stefnuskrá U.M.F.Í. þá vildi það stuðla að auknum menningarþroska félagsmanna ásamt því að fegra og hreinsa móðurmálið og fleira eins og fram kom í kaflanum hér á undan. Því voru ýmsir flokkar starfræktir innan ungmennafélagsins og stundum voru haldnir fundir með breyttu sniði.

3.1. Skemmtifundir

Fundir voru ekki haldnir reglulega hjá félaginu. Þó virðast félagsmenn hafa reynt að halda fundi einu sinni til tvisvar í mánuði þegar litið er í fundargerðarbækur félagsins. Ekkert var þó fundað á vegum ungmennafélagsins á sumrin. Það var gert ýmislegt annað á fundum en að ræða einhver einstök mál. Félgsmenn gátu flutt ljóð og lesið sögur. Oftast var kosið í skemmtinefnd eða hagnefnd sem svo sá um að skipuleggja ljóðalestur eða annað fyrir næsta fund.

Ungmennafélagið hélt einnig bræðra- og systrakvöld, en þau fyrstu voru haldin árið 1943. Ef um bræðrakvöld var að ræða þá voru það piltarnir sem buðu stúlkunum til skemmtunar. Þeir sáu þá að öllu leyti um allan undirbúning og skemmtiatriði. Á bræðra- og systrakvöldum tíðkaðist það að boðið væri til kaffidrykkju. Meðan á kaffidrykkjunni stóð þá voru flutt ýmis skemmtiatriði. Félagar fluttu þá gamanvísur eða sungu, lásu ljóð og fluttu ræður. Samin voru smáleikrit af félagsmönnum og þau flutt á kvöldum eins og þessum. Sem dæmi má nefna smáleikritið *Nýi og gamli síminn* eftir Árna Helgason. Einnig kemur fram í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) að kosin hafi verið drottning kvöldsins og fékk sú stúlka skrautritað spjald í verðlaun þar sem á var letrað nafn og titill sá er hún hafði unnið til. Á einu bræðrakvöldinu var einnig haldið bögglauppboð og dansaður verðlaunadans. Í lok skemmtunarinnar var vaninn að stiginn væri dans fram eftir nóttu.

Skemmtikvöld voru einnig haldin á vegum félagsins. Þeim svipaði að nokkru til bræðra- og systrakvöldanna. Í upphafi kvöldsins var þó byrjað á fundi, síðan var sest að kaffidrykkju. Meðan á kaffidrykkjunni stóð þá var, eins og á bræðra- og systrakvöldunum, lesin ljóð eða sögur. Að lokinni kaffidrykkju, upplestri og öðru var svo stiginn dans fram eftir nóttu.

Það kom einnig fyrir að ungmennafélagið héldi spilakvöld um 1952. Þar voru veitt verðlaun fyrir fyrsta sætið hjá konum og körlum, einnig voru veitt skammarverðlaun. Að því loknu var svo stiginn dans.

Á félagsfundum voru oft á tíðum flutt erindi og svo umræður á eftir. Ekki var óvanalegt að tekin væru fyrir málefni sem voru mikið í umræðunni úti í þjóðfélaginu. Samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) þá var fyrsta umræðuefnið sem tekið var fyrir á fundi hjá félaginu *Þjóðernisstefna ungmennafélaganna*. Það var Daníel Ágústínusson sem flutti erindið 1938. Önnur málefni sem tekin voru fyrir samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) voru sem hér segir: Árið 1938 flutti Magnús Einarsson erindi sem hét *Skapar æskan tíðarandann eða tíðarandinn æskuna*. Ári síðar ræddi Árni Helgason um *Nútímastúlkuna*. Þetta virtist eitthvað fara fyrir brjóstið á sumum því á næstu fundum var sama málefni tekið fyrir af þeim stöllum Sesselju Konráðsdóttur og Önnu Magnúsdóttur. Sesselja Konráðsdóttir ræddi um *Stöðu konunnar í þjóðfélaginu*, en Anna Magnúsdóttir um *Nútímastúlkuna*. Árið 1940 tók Jóhann Rafnsson *Æskuna og atvinnuleysið* fyrir og Ólafur Magnússon ræddi um *Sveitalíf og kaupstaðalíf*. Ekki var tekið neitt ákveðið efni fyrir aftur fyrr en 1948 þegar rætt var um *Hvort væri betra að vera giftur eða ógiftur*. Voru þá fengnir félagsmenn til þess að ræða með og á móti efninu og tókst það nokkuð vel. Einnig var fjallað um *Þroskagildi íþrótta*. Rætt var um mál eins og ölfrumvarpið og hvort Ísland ætti að gerast aðili að Atlantshafsbandalaginu. Þegar ölfrumvarpið var tekið fyrir þá var lögð fram tillaga og kosið. Voru þá fjórir sem vildu selja bjór á Íslandi en fjörutíu og einn á móti. Síðasta ræðuþjálfunin sem talað er um í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) var *Æskan fyrr og nú*.

3.2. Árblik

Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) kemur fram að á fundi þann 17 nóvember 1938 hafi verið lögð fram tillaga af Daníeli Ágústínussyni þess efnis að félagið myndi gefa út blað. Félagsmenn voru sammála Daníel og samþykktu tillöguna. Blaðið fékk nafnið Árblik eins og blað Þórólfs Mostraskeggs á sínum tíma. Það var lesið í fyrsta sinn upp úr Árbliki þann 21. desember 1938. Þetta blað var handritað og félagsmenn skrifuðu sjálfir í blaðið. Það gat því verið mjög erfitt að fá efni í blaðið. Árni Helgason reyndi ýmislegt til þess að fá félagsmenn til að skrifa. Sem dæmi þá skrifaði hann eitt sinn fyrripart sem hljómaði þannig: "Hvers myndirðu óska ef óskin rætast myndi." (Fundargerðarbók UMF. Snæfell. 1938-1953) Þetta bragð hans tókst mjög vel þar sem að svör bárust við fyrripartinu og fólk skrifaði því í blaðið. Það var ekkert skrifað í blaðið í mörg ár eða frá 1943 til 1948. Samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) virðist hafa verið lesið í síðast sinn upp úr Árbliki 1949. Því miður hefur þetta handritaða blað ekki fundist.

3.3. Almennar skemmtanir

Þegar Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) er skoðuð þá má segja að Snæfell hafi haldið utan um öskudagsfagnað í Stykkishólmi frá 1945 til 1948. Á öskudagsfagnaði félagsins voru leiknir leikþættir, sungið, lesnar sögur, samdrykkja, kveðnar rímur, fluttar gamanvísur og verðlaunadans. Árið 1953 var svo haldinn grímudansleikurinn á öskudeginum, sá fyrsti á vegum ungmennafélagsins. Grímudansleikur hafði þó verið haldinn árið áður samkvæmt munnlegum heimildum. Snæfell sá um að halda þennan dansleik allt fram til ársins 1968, en þá tók barnaskólinn við að skipuleggja þennan árlega fagnað fyrir börnin. Snæfell hélt einnig nokkrum sinnum áramótafagnað sem fjáröflun fyrir félagið. Ungmennafélagið sá einnig um undirbúning skemmtunar á 17. júní ásamt öðrum ópólitískum félögum í þorpinu á árunum 1944 til 1952.

3.4. Taflflokkur

Þann 15. apríl 1939 var stofnaður taflflokkur innan ungmennafélagsins. Piltarnir í taflflokknum leigðu lítið herbergi í gamla Apótekinu og sáu sjálfir um að útvega kol til þess að kynda upp. Þarna var teflt mörg kvöld eftir vinnu og einnig þegar lítið var um að vera.

Sama ár og flokkurinn var stofnaður var stefnt að því að halda fyrstu skákkeppnina á vegum félagsins. Í sambandi við það var lögð fram tillaga þess efnis af Daníel Ágústínussyni að félagið heimilaði kaup á verðlaunabikar sem að keppa ætti um á mótinu. "Keyptur var veglegur verðlaunabikar úr mahóníviði sem að Skúli Skúlason smíðaði, en á bikarinn var grafið með höfðaletri." (Ágúst Bjartmars. 12.02.1997) Þessi bikar er enn til og er í vörslu UMF. Snæfells. Tveir flokkar voru starfræktir innan taflflokksins þ.e. 2. og 3. flokkur, en keppt var um bikarinn í 2.flokki. Fyrstur til þess að vinna þennan verðlaunabikar var Björn Þorgeirsson frá Helgafelli. Í Fundargerðabók UMF. Snæfells (1938-1953) er talað um að teflt hafi verið vikulega á vegum ungmennafélagsins árið 1941. Ekki voru skákkeppnirnar neinn árlegur viðburður, en þó var reynt að rífa þetta upp öðru hvoru. Talað var um fjórar skákkeppnir á árunum 1939 til 1944 og var í öll skiptin keppt um sama bikarinn.

3.5. Leikstarfsemi

Kosið var í fyrstu leiknefnd félagsins árið 1943, en hún starfaði a.m.k. til ársins 1961. Á þessum árum voru flutt sjö leikrit. Það voru því ekki sett upp leikrit á hverju ári. Það gat oft verið erfitt að safna saman mannskap til þess að setja upp leikrit vegna mikillar vinnu hjá fólki. Því má eiginlega segja að félagið hafi verið mjög duglegt við að setja upp sýningar miðað við þann tíma sem fólkið hafði. En fyrsta leikritið sem félagið setti upp var *Maður og kona* árið 1943. Önnur leikrit sem leiknefndin setti upp voru:

1945 Leynimelur 13.
1952 Landafræði og ást.
1958 Skyggna vinnukonan.
1959 Saklausi svallarinn.

1961 Húrra krakki.
1962 Pétur kemur heim.

(Pálmi Frímannsson. 1988:4)

Á 10 ára afmæli félagsins var flutt leikritið Meyjarþjófurinn í tilefni afmælisins. Þegar leiknefndin setti upp *Landafræði og ást* þá var farið einu sinni á Breiðablik í Miklaholtshreppi og leikritið sýnt þar. Leiknefndin hefur því ekki bara verið að sýna heima í héraði. Kvenfélagið Hringurinn setti einnig upp leiksýningar. Leikfélagið Grímnir var síðan stofnað árið 1967 og sá eftir það um að setja upp leiksýningar í Stykkishólmi.

3.6. Gufubaðstofan

Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) er sagt frá því er Jónas Jónsson kennari (var kennari í Stykkishólmi frá 1940 til 1943 samkvæmt Kennaratali á Íslandi II) hafi flutt erindi um nauðsyn byggingar gufubaðstofu 1941. Hann taldi nóg að félagið fengi eitt herbergi í barnaskólanum fyrir þessa starfsemi. Félagið gekk í það að kanna möguleika þess að koma upp gufubaðstofu og formlega var tilkynnt um leyfi fyrir gufubaðstofu í kjallara skólans 1942. Snæfell fékk styrki bæði frá UMFÍ svo og ríkissjóði til þess að koma upp gufubaðstofu. Um haustið var gufubaðstofan svo komin í gagnið. Þegar skýrt var frá nýtingu gufubaðstofunnar á aðalfundi 1943 þá kom í ljós að fjöldi baðgesta síðasta mánuð ársins hefði verið 143. Fyrstu árin sem gufubaðstofan var opin voru oft erfiðleikar vegna vatnsskorts og um tíma þurfti meira að segja að loka. En 1946 var síðan lögð vatnsleiðsla til Stykkishólms. Félagar í Snæfelli hóuðu saman mannskap til þess að aðstoða við að moka ofan á vatnsleiðsluna í þegnskyldri vinnu einn sunnudag um haustið áður en frysti, svo að ekki yrði neitt tjón þegar færi að frysta. Gufubaðstofan var oftast vel nýtt, en svo kom að því um 1949 að það þurfti að loka henni vegna skorts á rými fyrir barnaskólann.

IV. ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Ungmennafélagið var frá upphafi mjög duglegt við að taka að sér ýmsar framkvæmdir bæði stórar og litlar, það réðst heldur ekki alltaf á garðinn þar sem að hann var lægstur. Þegar félagið var stofnað var íþróttaaðstaðan ekki upp á marga fiska og því var ýmislegt sem félagið þurfti að gera til þess að bæta það. Það var hvorki íþróttavöllur né sundlaug á staðnum og æfingar í leikfimi fóru fram í samkomuhúsinu á staðnum. En þar sem félagar voru atorkusamir og bjartsýnir þá var hafist handa við framkvæmdir.

4.1. Íþróttavöllur

Fyrstu framkvæmdirnar sem félagið fór út í var bygging íþróttavallar. En því miður þá gengu þær framkvæmdir ekki eins og best hefði verið á kosið. Fyrsta umfjöllun um framkvæmdirnar hófust í upphafi ársins 1940. Þá fékk félagið að gjöf landspildu, austanvert við núverandi Hótel Stykkishólm, frá kaupmanninum Ágústi Þórarinssyni. Það var ýmislegt sem þurfti að gera áður en hægt væri að fara að vinna nokkuð við völlinn. Það þurfti auðvitað að gera teikningar af íþróttavellinum, fá styrki til að fjármagna verkið og fá félagsmenn til þess að gefa dagsverk. Hreppsnefndin ákvað á fundi 1941 að veita félaginu styrk til framkvæmdanna, en óskaði jafnframt eftir því að félagið skipaði nefnd sem myndi starfa með hreppsnefndinni. Hreppsnefndin sá t.d. að mestu um að fjármagna gerð vegar til íþróttavallarins. Sama ár fór ungmennafélgið í að undirbúa útisamkomu fyrir sumarið sem hugsuð var sem fjáröflun fyrir framkvæmdirnar. Íþróttafulltrúa ríkisins leist mjög vel á landssvæðið. Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) er ritað að íþróttafulltrúinn hafi talið það vera mikinn kost fyrir ungmennafélagið að landið væri fjarri þjóðbraut, að áhorfendasvæðið í brekkum holtanna væri ágætt og að þarna væri hægt að fá íþróttavöll sem að uppfyllti öll skilyrði um íþróttavöll. Í september 1944 var búið að ráða menn til að sjá um framkvæmdirnar og hófst vinna strax um haustið. Þar sem landið sem íþróttavellinum var ætlað að vera var allt mjög blautt þá þurfti að grafa skurði í landið, setja í þá tréstokka og hylja þá síðan með grjóti og fylla skurðina með mold. Þetta gerðu félagsmenn allt í

þegnskylduvinnu. Framkvæmdum við völlinn lauk ekki fyrr en 1946. Pálmi Frímannsson (1988) talar um að félagið hafi byrjað að nota völlinn 1947, þó var byrjað að á æfa á vellinum fyrr að sögn Ágústar Bjartmars (12.01.1997). Ágúst telur ekki að völlurinn hafi nokkurn tíma verið formlega vígður. Þess er heldur ekki minnst í fundargjörðarbókum félagsins. Þetta var grasvöllur og virðist hann aldrei hafa verið alveg nógu góður því það vildi safnast mikil bleyta í hann. Árið 1951 hvetur síðan Bjarni Andrésson félagsmenn til þess að koma og vinna í vellinum þar sem hann væri í niðurníðslu, fyrirbyggja þyrfti vatn sem rynni niður á hann. Mikil vinna fylgdi því þessum íþróttavelli sem var notaður til ársins 1978, en þá var nýr íþróttavöllur tekinn í notkun, en það var malarvöllur.

4.2. Íþróttahús

Eins og fram kom hér í upphafi kaflans þá var aðstaða til leikfimiiðkunar ekki sú besta sem á hefði verið kosið. Leikfimi fór fram í Samkomuhúsinu allt frá 1938 til ársins 1944 samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953). "Þá var ekki hægt að æfa lengur í húsinu þar sem að eigandi hússins, Jón Siggeirsson, ætlaði að hefja þar kvikmyndasýningar. Hann þurfti að breyta húsinu til þess að það væri hægt og því þurfti að leggja niður æfingar." (Ágúst Bjartmars. 12.01.1997) Reyndar var samkomuhúsið slysagildra fyrir nemendur þar sem gólfið í húsinu var ekki alveg nógu gott. Bæði Ágúst Bjartmars og Ingveldur Sigurðardóttir tala um það að fimleikar hafi eitthvað verið kenndir í húsi barnaskólans. Ágúst Bjartmars (12.01.1997) segir frá því að Daníel Ágústínusson hafi kennt fimleika frá 1938 til 1939. Yngri deildin var þá í barnaskólanum en eldri í samkomuhúsinu. "Árið 1940 var Jónas Jónsson kennari í barnaskólanum. Hann var almennur kennari en kenndi einnig fimleika. Kennslan fór fram í kennslustofunum á efri hæð skólans. Þetta eru tvær samliggjandi kennslustofur þar sem hægt er að opna á milli. Fremri stofan var notuð sem búningsherbergi en kennt í innri stofunni. Eftir tímana hlupu krakkarnir svo niður í kjallara þar sem hægt var að fara í sturtu. Jónas lét síðan setja upp slá í samkomuhúsinu og eftir það var æft þar. Sumarið 1940 var Héraðsmót að Görðum í Staðarsveit og var fimleikahópurinn með sýningu á mótinu." (Ingveldur Sigurðardóttir. 22.01.1997)

Þegar ungmennafélagið sá fram á það að ekki yrði lengur hægt að fá samkomuhúsið til íþróttaæfinga töldu félagar þess nauðsynlegt að hér yrði byggt

íþróttahús hið bráðasta. Félagsmenn voru þó sammála um það að ungmennafélagið gæti ekki haft forgöngu að framkvæmdunum þar sem það hefði aðrar stórar framkvæmdir í sinni umsjá, þ.e. íþróttavöllinn. Þó bentu félagar á að þar sem íþróttakennsla væri orðin skyldunámsgrein í skólum landsins þætti réttast að hreppsfélagið tæki þessar framkvæmdir að sér, sem og þeir gerðu, þó svo að ungmennafélagið myndi veita þessu máli allan þann stuðning sem hægt væri. Framkvæmdir við byggingu íþróttahússins hófust 1944 og var lokið í ársbyrjun 1948. Það var samt byrjað að æfa í húsinu 1947 að sögn Ágústar Bjartmars (12.01.1997) og fyrsta mótið var haldið 11. apríl 1948 en það var innanfélagsmót í badminton. Ágúst segir einnig frá því er þeir félagar ætluðu að fá að æfa inni í íþróttahúsinu 1947. Þá fengu þeir það ekki þar sem torfið, sem nota átti til að einangra húsið með, var geymt þar inni. Því var farið í það að einangra veggina og þilja þá svo með fjölum, allt í sjálfboðavinnu. Þegar því var lokið þá gaf Ólafur, læknirinn á staðnum, leyfi til þess að nú væri allt í lagi að æfa þarna inni. Að sögn Ágústar var aðstaðan eftir framkvæmdirnar mun verri en þær höfðu verið því þegar þeir hentu bolta og hann fór í fjalirnar þá kom bara ryk út, því fjalirnar gáfu eftir inn í torfið. Aftur á móti kom ekkert ryk þegar torfið hafði bara verið geymt þarna inni því þá var breitt yfir það. Þannig að á æfingum þá litu menn út eins og þeir hefðu verið að taka í nefið út af öllu rykinu sem myndaðist. Seinna var svo farið í það að fá trétex og það sett á allt saman.

4.3. Sundlaug

Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) kemur hið svokallaða sundlaugarmál til umræðu strax við stofnun ungmennafélagsins. Málið lá síðan niðri allt til haustsins 1951. Þá var málið tekið upp að nýju og félagið gekk í þetta af fullum krafti. Félagsmönnum fannst vera tími til kominn að það risi sundlaug á staðnum því eins og fram kemur í fimmta kafla þá þurftu börnin að fara annað til að læra sund. Ungmennafélagið lagði fram áskorun til Slysavarnarfélagsins Öldunnar í Stykkishólmi um byggingu sundlaugarinnar og óskuðu félagsmenn eftir því að hafist yrði handa fyrir árslok 1951. Með samstöðu félaganna í plássinu var skipað í sundlaugarráð þar sem voru meðal annars fulltrúar frá verkalýðsfélaginu, iðnaðarmannafélaginu og ungmennafélaginu. Með sjálfboðavinnu var síðan byggð

sundlaug sem var 12,5 m á lengd og er hún enn í notkun. Byggingu sundlaugarinnar lauk 1954.

V. ÍÞRÓTTALÍFIÐ Á ÁRUNUM 1938 TIL 1960

Það voru ýmsar íþróttagreinar stundaðar á vegum félagsins þó svo að aðstaðan hafi kannski ekki alltaf verið mjög góð. Þá má eiginlega segja að íþróttagreinar hafi komið og farið. Þetta vill oft verða í litlum byggðarfélögum úti á landi því þá byggist þetta á dugnaði þeirra sem að hafa áhuga á íþróttinni. Árið 1938 voru íbúar Stykkishólms 634, en um 1960 voru þeir orðnir 906 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (1997). Það er því ekki að undra að oft hafi verið erfitt að bjóða upp á þjálfun í mismunandi íþróttagreinum því yfirleitt var þetta alltaf sama fólkið sem var í öllu. Það valdi því á milli og þá lögðust þær greinar sem voru fámennari niður. Í Hólminn komu ýmsir áhugamenn um íþróttir, sem dæmi má nefna Þorgeir Ibsen, en hann var driffjöðurin í sambandi við badminton í Stykkishólmi og Sigurður Helgason en hann var mikill frjálsíþróttamaður. Hér á eftir mun ég því segja frá ýmsum íþróttagreinum sem voru stundaðar í lengri eða skemmri tíma á vegum félagsins.

5.1. Fjallgöngur

Aðalforsprakki fjallgönguhópsins var Jónas Jónsson kennari. Hann hafði sjálfur mjög mikinn áhuga á útiveru og hvatti því félagana til þess að nota sumarið til þess að ganga á fjöll. Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) er einkum talað um fjallgöngur á árunum 1942 og 1943 á meðan Jónas Jónsson var á staðnum. Fólkið hafði því miður ekki mikinn tíma til þess að stunda útiveru markvisst þar sem að unnið var alla daga vikunnar nema sunnudaga. Sunnudagar voru því einu dagarnir sem fólk hafði kost á því að reyna að stunda einhverskonar útiveru. Félagar ungmennafélagsins tóku sig þó nokkrum sinnum til og fóru í nokkrar fjallgöngur í nágrenninu. Til dæmis var gengið á Bjarnarhafnarfjall, Klofning og Grímsfjall. Ein lengsta ferðin sem félagarnir fóru var þegar gengið var upp að Hestinum að sögn Ágústar Bjartmars (12.01.1997). "Farið var með bát á Narfeyri, en

síðan gengið þaðan inn Langadal og upp á Hestinn. Þar bjuggu göngumennirnir til vörðu, skrifuðu síðan nöfn sín á miða og settu hann í flösku síðan var flaskan sett í vörðuna. Hópurinn hélt síðan áfram för sinni en hún lá ekki til baka heldur áfram yfir fjallið og niður að Dalsmynni. Þar var hópurinn um kl. 22-23 um kvöldið svo þetta var búin að vera langur dagur, en síðan var farið á ball og rútan tekin heim að því loknu. Mannskapurinn mætti síðan í vinnu kl. 7 á mánudagsmorgun." (Ágúst Bjartmars 12.01.1997) Fyrir þá sem hafa gaman af fjallgöngu þá gæti það vakið áhuga að miðinn er enn þann dag í dag á sama stað að sögn Ágústar. Það gæti því verið spennandi fyrir þá sem að hafa gaman að útivist að ganga þarna upp og athuga málið.

5.2. Sund

Sund var ekki ein þeirra íþróttagreina sem voru hvað sterkastar innan félagsins fram til 1960, en þar var einkum um að kenna aðstöðuleysi til sundiðkunar innan bæjarfélagsins. Þó sendu Hólmarar tvo menn til þátttöku á landsmóti árið 1940 í Haukadal í Biskupstungum. Það voru þeir Þórhallur Hálfdánarson og Lárus Guðmundsson sem voru sendir fyrir hönd Snæfells. Ekki er vitað með vissu í hvaða greinum þeir tóku þátt en Ágúst Bjartmars (12.01.1997) sagði að Lárus hefði verið þekktur sundmaður og hefði sett mörg met á Laugarvatni á meðan hann var þar. Því telur hann líklegt að Lárus hafi keppt í sundi fyrir hönd félagsins. Hólmarar fengu ekki sundlaug fyrr en 1954 og því urðu þeir fram til þess tíma að leita annað til þess að læra að synda. Upp úr 1936 var farið að senda nemendur skólans upp í Reykholt í Borgarfirði til þess að læra sund í tvær vikur á hverju vori, en í Reykholt komu fleiri heldur en bara Hólmarar til þess að læra sund því að þangað komu einnig aðrir skólar af Snæfellsnesinu. Þessi samskipti við Reykholt leiddu til þess að stundum kepptu þessi tvö félög hvort við annað í ýmsum íþróttagreinum, t.d. frjálsum og knattspyrnu eins og fram kemur í köflum hér á eftir um þessar íþróttagreinar.

Að sögn Ingveldar Sigurðardóttur þá var einn íþróttakennari sem reyndi að kenna nemendum sund á þessum árum þó svo að ekki væri sundlaug á staðnum. Það var Sigurður Finnsson en hann var kennari við skólann frá 1943 til 1944. Hann útbjó strigalaug til þess að kenna sund. Kennslan fór fram í frystihúsinu hjá kaupfélaginu og var notaður kælisjór af frystivélunum.

Farið var að æfa sund eftir að byggingu sundlaugarinnar lauk. Æfingar voru þó ekki reglulega að sögn Hermanns Guðmundssonar (04.04.1997) fyrr en eftir 1960. Þjálfari sundliðsins var Sigurður Helgason. Fyrsta sundmót HSH samkvæmt Pálma Frímannssyni (1988) var haldið í Kolviðarneslaug árið 1957 og sendi Snæfell keppendur til þess að taka þátt í mótinu. Snæfell sigraði síðan á tveimur héraðsmótum fram til 1960, þ.e. 1958 og 1959.

5.3. Handknattleikur

Það er nokkuð athyglisvert að upp úr 1940 þá var meira um að stúlkurnar iðkuðu handknattleik í Hólminum heldur en piltarnir. Piltarnir voru með einn flokk, en stúlkurnar með tvo flokka sem skiptust í yngri og eldri flokk. Fyrsti þjálfari liðsins var Viggó Nathanaelsson. Liðið hafði ekki mikla aðstöðu til þess að æfa, þar sem ekki var hægt að æfa boltagreinar í samkomuhúsinu og því var æft utandyra. Æfingar fóru fram í skólaportinu svo og niðri á túninu við gamla brunaskúrinn, eins og Hólmararnir kalla það. Inga Bjartmars (17.01.1997) sagði frá því að þegar stúlkurnar voru á æfingum þá hefðu yngri stelpur oft setið í brekkunni og fylgst með æfingunni í von um að fá ef til vill að spila með. Ekki var um neinar reglulegar æfingar að ræða hjá félaginu fyrr en sumarið 1952. Þá byrjuðu stúlkurnar að æfa þrisvar sinnum í viku samkvæmt Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953).

Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) er ritað að fyrsti handknattleikurinn sem stúlkurnar kepptu hafi verið árið 1940 á móti KR undir stjórn Viggós Nathanaelssonar. Knattspyrnufélag Reykjavíkur kom til að sýna íþróttir að Skildi í Helgafellssveit og óskaði eftir að Snæfellsstúlkurnar tækju þátt í handknattleik kvenna, sem þær og gerðu.

Árið 1943 tóku stúlkurnar á móti UMF. Skallagrími frá Borgarnesi hér heima, en piltarnir kepptu á sama móti við UMF. Reykdæla í frjálsíþróttum og knattspyrnu. Ári síðar komu Akranes stúlkurnar í heimsókn og gerðu jafntefli við Snæfell, þá var Bjarni Andrésson farin að stjórna liðinu. Hólmarar fengu einnig handknattleiksliið Þórs frá Vestmannaeyjum í heimsókn. Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) kemur fram að Þórsstúlkurnar hafi síðan fært félaginu ljósmynd af Vestmannaeyjum til minningar um för þeirra vestur. Það voru Þórsararnir sem fóru með sigur í þeim leik, en þær unnu með einu marki.

Úr myndasafni Ágústar Bjartmars. Myndin er tekin á Skildi sumarið 1940.
Til hægri við þjálfarann Viggó Nathanaelsson; fremsta röð: Rakel Sveinbjörnsdóttir, Anna Jónsdóttir,Guðný Þorvaldsdóttir, miðröð: Margrét Jónsdóttir, Maggý Lárentsínusdóttir, Emma Olgeirsdóttir, efstaröð: Sigríður Sigurðardóttir, Rut Einarsdóttir, Heba
Til vinstri við þjálfara: fremsta röð: Jóhanna Lárentínusdóttir, Anna Magnúsdóttir, Þóra M.Sigurðardóttir, miðröð: Þóra Jónsdóttir, Guðrún Kristmannsdóttir, Ása Þorvaldsdóttir, efstaröð: Guja Svane, Auður Jónsdóttir og Þórbjörg Jónsdóttir.

Fyrsta handknattleiksráð ungmennafélagsins var ekki kosið fyrr en 1948, þó svo að félagið hafi fyrir löngu verið farið að keppa og æfa handknattleik eins og fram kemur í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953). Árið 1948 fór félagið með alla flokkana í keppnisferð á Akranes. Þjálfarar voru Bjarni Andrésson og Þorgeir Ibsen. Þessi ferð vakti ekki neitt gífurlega mikla gleði innan drengjaliðsins að sögn Ágústar Bjartmars (12.01.1997), þar sem að þeir vissu að Skagamenn hefðu sterkt lið. Hann sagði að þjálfari liðsins Þorgeir Ibsen hefði þó haft mikla trú á liðinu. Ástæðan fyrir því var sú að hann sagði að þeir á Skaganum spiluðu bara maður á mann vörn en ekki klossvörn (frá Finnlandi) eins og þeir höfðu verið að æfa í Hólminum. Því

miður kom liðið ekki vel út úr leiknum. Skagamenn skoruðu 24 mörk gegn einungis 6 mörkum Snæfellinga. Því miður mundi Ágúst ekki hvernig stúlknaleikirnir hefðu farið, en Ingveldur Sigurðardóttir (22.01.1997) talaði um að þær hefðu staðið sig ágætlega.

Samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) þá átti félagið kost á því að halda landsmót í handknattleik árið 1950, en því miður þá varð ekkert af því. Það má þó segja að stærsta árið í sögu handknattleiksins hjá félaginu hafi verið árið 1949 því þá fóru stúlkurnar á tvö mót. Það fyrra var landsmót en það var haldið í Hveragerði. Það var eldri stúlknaflokkurinn sem tók þátt fyrir hönd Snæfells og vann handknattleikinn. Seinna mótið sem flokkurinn tók þátt í fór fram í Vestmannaeyjum. Ingveldur Sigurðardóttir (22.01.1997) talaði um að stúlkurnar hefðu farið fyrr til Vestmanneyja til þess að vera á þjóðhátíð, en strax í framhaldi af þjóðhátíðinni var svo handknattleikurinn. Þetta var því mikil upplifun fyrir stelpurnar. Sama ár fóru stúlkurnar einnig til Reykjavíkur til þess að keppa í handknattleik.

Snæfell keppti einnig við önnur lið af Nesinu, en þó ekki mjög oft. Árið 1950 kepptu stúlkurnar við flokka frá Ólafsvík. Samkvæmt Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953) þá kepptu stúlkurnar tvo leiki á héraðsmótinu sem fram fór að Hofgörðum 1952. Fyrri leikurinn var á móti UMF. Breiðablik og unnu Snæfellsstelpurnar 7:1, en seinni leikurinn var síðan gegn UMF. Staðarsveit sem stúlkurnar unnu einnig 6:1. Snæfellsstúlkurnar urðu því héraðsmeistarar og unnu því mótið með algjörum yfirburðum. Næsti stórviðburður í handboltanum var Landsmótið á Akureyri 1955. Samkvæmt Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1954-1968) sendi félagið átta stúlkur til þess að keppa fyrir hönd félagsins. Áttu þær fyrsta leik gegn fyrrum Landsmótsmeisturum Kjalnesingum og fór leikurinn 3:3. Eftir það er lítið talað um handknattleiksiðkun innan félagsins og má því ætla að hún hafi dregist saman eftir þetta.

5.4. Körfuknattleikur

Körfuknattleikur kom til Stykkishólms veturinn 1952. Í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1968) kemur fram að kennsla hafi byrjað í körfuknattleik karla og kvenna í janúar byrjun 1952. Kennsluna önnuðust þau Sigurður Helgason og Ingveldur Sigurðardóttir, en þátttaka var mjög góð. Sigurður

Helgason var íþróttakennari við skólann, en Ingveldur sem verið hafði í námi í Kennaraskólanum hafði lært körfuknattleik hjá Sigríði Valgeirsdóttur sem kenndi íþróttir við Kennaraskólann. Það var ekki mikið um að liðið tæki þátt í keppnum fyrr en eftir 1960, en körfuboltinn fór að verða meira spilaður eftir að badmintoninu lauk.

5.5. Knattspyrna

Það voru piltarnir sem að æfðu knattspyrnuna í Hólminum, en ekki stúlkurnar. Æft var inni á Flötum, eins og það er kallað. Ágúst segir að völlurinn hafi verið hallandi og sé það ástæðan fyrir því að í dag heitir þetta Vallarflöt. Á vorin þurftu þeir að byrja á því að henda steinum og taka þúfur áður en hægt var farið að spila. Þarna æfðu piltarnir þar til ungmennafélagið fékk landið í Nýræktinni frá kaupmanninum Ágústi Þórarinssyni.

Fyrsti knattspyrnuleikurinn sem Snæfell tók þátt í samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) fór fram um haustið 1944. Léku piltarnir gegn UMF. Reykdælum í Borgarfirði. Hólmarar sigruðu með tveimur mörkum gegn engu eftir góðan leik. Snæfell keppti oft við Reykdæli mörg ár fram yfir 1950, mynduðust þessi tengsl milli þessara tveggja félaga einkum vegna sundsins eins og fyrr hefur verið greint frá. Árið 1950 og 1951 keppti Snæfell við UMF. Víking frá Ólafsvík, Víkingur vann báða leikina. Knattspyrna var þó ekki mikið stunduð næstu ár. Í UMF. Snæfell (1938) kemur fram að Axel Andrésson hafi oft komið í Hólminn eftir 1948 og þjálfað knattspyrnu eða hið svokallaða Axelskerfi. Axel ferðaðist mikið um landið og kenndi knattspyrnu og nutu Hólmarar því meðal annars góðs af því að sögn Ingveldar Sigurðardóttur (22.01.1997).

5.6. Frjálsar íþróttir

Það hefur alltaf verið mikill áhugi fyrir frjálsum íþróttum allt frá stofnun félagsins. Fyrsta héraðsmótið sem haldið var á vegum Héraðssambands Snæfellsnes og Hnappadalssýslu (HSH) fór fram 1939 á Hraunflöt við Selvallavatn ekki langt frá Stykkishólmi. Snæfell tók þátt í mótinu og var keppt í frjálsum. Næstu ár á eftir fóru mótin oftast fram á Skildi í Helgafellssveit. Að sögn Ágústar Bjartmars (12.01

1997) var aðstaðan að Skildi mjög góð fyrir íþróttir. Völlurinn var sérstaklega góður miðað við það að vera gerður af náttúrunnar hendi.

Í Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) kemur fram að félagið hafi í fyrsta sinn sent tvo menn á landsmót UMFÍ 1940 eins og greint var frá í kaflanum um sundið í 5.2. Landsmótið var haldið í Haukadal í Biskupstungum og voru það Þórhallur Hálfdánarson og Lárus Guðmundsson sem fóru fyrir hönd félagsins. Eins og ég greindi frá þá er líklegt að Lárus hafi keppt í sundi. Þórhallur kenndi aftur á móti leikfimi í Stykkishólmi og er ekki vitað í hverju hann keppti á mótinu. Næsta landsmót sem tilkynnt var um á fundi félagsins átti að fara fram í Reykholti 1942, en því varð að fresta þar sem að ekki var hægt að fá aðgang að skólanum. Landsmótið var síðan haldið ári síðar. Samkvæmt heimildum úr 50 ára Afmælisriti Ungmennafélagsins Snæfells (1988) þá var þátttaka í keppnum á vegum HSH frekar lítil fyrstu árin. Undantekning var þó 1944, en þá vann Snæfell á mótinu með einu stigi meira en Íþróttafélag Miklaholtshrepps (ÍM), sem var algengasti sigurvegari fram yfir 1950. Árið 1945 sendi Snæfell aftur stóran hóp á héraðsmótið, en þar sigraði þó Íþróttafélag Miklaholtshrepps.

Þátttaka Snæfells í frjálsum íþróttum breyttist mikið 1952, en þá var rætt við Sigurð Helgason, sem þá var íþróttakennari í Hólminum, um að taka að sér þjálfun í frjálsum íþróttum sem og hann síðan gerði. Sigurður Helgason var mjög áhugasamur og duglegur þjálfari og íþróttamaður. Sigurður var í Hólminum til 1964 og nutu Hólmarar mikils góðs af honum þann tíma sem hann var hjá félaginu.

Allt frá 1952 til 1960 hélt ungmennafélagið mörg innanfélagsmót í frjálsum, bæði innan- og utanhúss. Í Árbók íþróttamanna (1954) er einu sinni sagt frá því að flokkur frá UMF. Selfossi hafi komið til Stykkishólms 9.ágúst 1953 og keppt við héraðssambandið í frjálsum. Ekki komust Hólmarar þar á pall, en félagar frá Íþróttafélagi Miklaholtshrepps náðu þá bestum árangri fyrir hönd héraðssambandsins. Skráð er í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953, 1954-1968) að ungmennafélagið hafi haldið 17. júní mót árlega frá 1951 til 1956. Því miður vantar inn í þessar bækur nokkur ár þannig að ekki er vitað um árin 1957 til 1960. Á þessum mótum var keppt um bikar, en hann hlaut sá er vann besta afrekið á mótinu. Fyrstur til þess að vinna þennan bikar var Kristján Torfason, en hann vann bikarinn 1951 og 1952 fyrir góðan árangur í spjótkasti. Sigurður Helgason vann síðan bikarinn 1953 og 1954 fyrir góðan árangur í kringlukasti og síðan kúluvarpi. Árið 1955 var það Íþróttamaður Ungmennafélagsins Snæfells frá árinu áður Jón Pétursson sem vann bikarinn fyrir bestan árangur í hástökki 1.75m, hann var þó að

stökkva yfir 1.80m á árinu samkvæmt Árbók íþróttanefndar U.M.F. Snæfells (1954-1968). Síðastur til þess að vinna bikarinn var Karl Torfason 1956 og 1957 fyrir bestan árangur í 100m hlaupi.

Ungmennafélagið hélt einnig drengjamót þar sem keppt var í frjálsum íþróttum. Einnig voru haldin drengjamót á vegum HSH og Ármanns. Eins og öll önnur frjálsíþróttamót þá gat drengjamótið oft verið mjög spennandi og réðust úrslitin stundum ekki fyrr en í síðustu greinunum. Dæmi um slíkt mót var Drengjamót HSH er haldið var að Hofgörðum 1952. Í Árbók íþróttanefndar U.M.F. Snæfells (1951-1953) er þessu vel lýst. Þegar einungis tvær greinar voru eftir á mótinu þá hafði Snæfell tapað forystunni. Næst síðasta greinin var 1.500m hlaup en þar átti Snæfell einn þátttakanda, Jón Pétursson. Hann háði þar harða baráttu við efnilega hlaupara frá ÍM, en þeir komu svo til jafnir í mark. Jón Pétursson var þó sjónarmun á undan. Snæfell vann síðan einnig síðustu greinina sem var 4x100 boðhlaup á nýju héraðsmeti 54.0sek. Einnig var haldið svokallað Drengjameistaramót Íslands í Reykjavík. Á drengjameistaramótin komust einungis þeir sem náðu ákveðnum lágmörkum í greinunum.

Ekki virðast hafa verið haldin nein stúlknamót í frjálsum íþróttum, en þær tóku samt sem áður þátt í héraðsmótunum og innanfélagsmótum. Lengi vel kepptu þær einungis í einni grein, þ.e. 80m hlaupi, en 1953 þá kepptu stúlkurnar einnig í langstökki, hástökki og 4x100m boðhlaupi á héraðsmóti HSH í Stykkishólmi samkvæmt Árbók íþróttamanna (1954).

Héraðsmótin voru auðvitað fastur liður og frá 1953 til ársins 1960 vann Snæfell öll héraðsmótin nema eitt, en ÍM vann 1956. Héraðssambandið sendi einnig þátttakendur á landsmót eins og fram kom hér að ofan. Í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953) er sagt frá úrtökumóti sem fram fór í Stykkishólmi 1952 á vegum H.S.H. til þess að velja keppendur sem taka áttu þátt á landsmótinu að Eiðum sama ár. Keppendur Snæfells stóðu sig allir mjög vel á úrtökumótinu, en einungis einn þátttakandi, Jón Pétursson, var frá Snæfelli á landsmótinu sjálfu. Hann keppti í 1.500m og 3.000m hlaupi. Jón setti héraðsmet í 1.500 metra hlaupinu hljóp á 4:41.mín. og komst í úrslit, en varð síðan seinastur í úrslitahlaupinu. Í 3.000 metra hlaupinu kom hann áttundi í mark. Árangur Jóns á mótinu verður að teljast mjög góður þar sem að hann var ekki nema 15 ára gamall. Samkvæmt Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1954-1968) þá var Jón Pétursson fyrsti Íslandsmeistarinn í sögu félagsins er hann stökk 1.75m í hástökki á Íslandsmeistaramóti drengja árið 1954. Jón var ekki einungis fyrstur til þess að setja

Íslandsmet fyrir hönd félagsins. Hann tók þátt í landskeppni Íslendinga við Dani 1957 þar sem hann tók þátt í þrístökki og varð annar með nýtt héraðsmet 14.16m. Þá má einnig geta þess að Jón Pétursson keppti fyrir Ísland á Ólympíuleikunum 1960. Á landsmótinu sem fram fór á Akureyri 1.-2. júlí 1955 sendi héraðssambandið 24 þátttakendur. Þar af voru 17 frá Snæfelli, 9 í frjálsum og 8 í handknattleiksliði stúlknanna. Þátttaka félagsins hafði því aukist til muna frá síðasta landsmóti.

Úr myndasafni U.M.F.Snæfells. Jón Pétursson í miðri atrennu í hástökki í íþróttahúsinu í Stykkishólmi 1958. Ekki er vitað á hvaða móti þetta er.

Í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953) er greint frá því að keppt hafi verið í fimmtarþraut í fyrsta skipti innan Snæfells sumarið 1953. Þær greinar sem keppt var í voru langstökk, kringlukast, 200m hlaup, spjótkast og 1.500m hlaup. Fyrstur til þess að vinna þessa grein var Sigurður Helgason en hann hlaut 2.258 stig, Jón Pétursson var í öðru sæti með 2.254 stig. Ekki virðist hafa verið keppt aftur í fimmtarþraut fyrr en haustið 1956. Þá var einungis einn keppandi frá Snæfelli, Hildimundur Björnsson, og tveir frá Íþróttafélaginu Ármanni, en þeir voru gestir. Hildimundur varð annar í keppninni.

Víðavangshlaup voru einnig haldin á vegum ungmennafélagsins í Hólminum. Eins og sjá má í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953, 1954-1968) þá fóru fram víðavangshlaup einu sinni á ári allt frá 1952 til 1957. Í fyrsta hlaupinu sem haldið var 24. apríl 1952 tóku þátt 6 sveitir. Það voru a og b sveit Snæfells og 1., 2. og 3. bekkur miðskólans og barnaskólinn. Úrslit sveitakeppninnar urðu þannig: að í 1.sæti varð A-sveit Snæfells, 2.sæti 3.bekkur miðskólans, 3.sæti barnaskólinn, 4.sæti 1.bekkur miðskólans, 5.sæti B-sveit Snæfells og í 6.sæti 2.bekkur miðskólans. Sá einstaklingur sem vann hlaupið 1952 og 1953 var Jón Pétursson. Næstu tvö árin varð Rafn Jóhannsson síðan sigurvegari, en 1956 háði hann harða keppni við Hermann Guðmundsson um sigurinn og var síðan sterkari á síðustu metrunum. Hann vann því bikarinn til eignar. Árið þar á eftir var síðan keppt í þremur aldursflokkum og var keppt um bikar í hverjum þeirra. Í 1. flokki 16 ára og eldri sigraði Hannes Gunnarsson, 2. flokki 13-15 ára Hermann Guðmundsson og í 3. flokki 10-12 ára Þorvaldur Dan.

5.7. Skíðaganga

Í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1954-1968) er sagt frá því að fyrsta skíðagöngumótið á Snæfellsnesi hafi verið haldið á vegum UMF. Snæfells í Stykkishólmi 9. febrúar 1957. Fjöldi keppenda á mótinu voru 15, en sigurvegari mótsins var Hermann Guðmundsson. Vegalengdin sem gengin var voru 2.5 km.

Þann 24. febrúar sama ár var haldin önnur skíðaganga, en nú var gengið styttra eða 2 km. Þátttakendur voru nú mun fleiri en í þeirri fyrstu eða 56 og var keppt í drengja og stúlkna flokki. Í flokki 13-15 ára voru það Sigurður Kristjánsson og Þórhildur Pálsdóttir sem komu fyrst í mark, 11-12 ára Þorsteinn Björgvinsson og Svala Lárusdóttir og í flokki 9-10 ára Sigurþór Guðmundsson og Guðbjörg Kristjánsdóttir. Að sögn Sigurþórs Guðmundssonar (08.03.1997) þá áttu nú ekki öll börn skíði. En þá var bara farið og fengin lánuð skíði og tekið þátt í skíðagöngunni, þó svo að útbúnaðurinn væri eitthvað í stærri kantinum. Aðalmálið var að fá að vera með.

Þetta sama ár og skíðagöngurnar fóru fram í Hólminum þá var farið af stað með "Skíðalandsgöngu." Hún stóð frá 3. mars til 1. maí og vegalengdin sem gengin var voru 4 km. Þetta var keppni á milli allra héraða og bæja landsins, auk þess sem þetta var keppni á milli skólanna. Í Hólminum var þátttakan nokkuð góð samkvæmt

Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1954-1968). Til dæmis var hún 100% í Miðskólanum. Stykkishólmur varð þriðji af hreppum sýslunnar með 221 þátttakanda af 908 íbúum eða 24.3%.

5.8. Badminton

5.8.1. Badminton á Íslandi

Það var Jón Jóhannesson sem að kom með badmintonið eða hnit til Íslands árið 1934, en hann var einnig fimleikameistari Íslands. Hann hafði lært íþróttina í Danmörku. Eftir að Jón kom til Íslands fór hann að kenna félögum úr ÍR leikinn. Í Árbók íþróttamanna (1952) þá er greint frá því að þátttaka í badminton hafi aukist í Reykjavík á árunum 1935-1938 og að ÍR-ingar hafi haft forgöngu þau ár. Síðan hafi Jón Jóhannesson ásamt fleiri áhugamönnum stofnað *Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur* (TBR) þann 4. desember 1938.

Fyrstu innanfélagsmótin og Reykjavíkurmótin voru haldin á vegum Tennis- og badmintonfélagsins í Reykjavík. Þeim var haldið uppi öll stríðsárin. "Eftir lok síðari heimsstyrjaldar (1939-1945) jókst fjöldi badmintoniðkenda mjög, einkum í Reykjavík og Stykkishólmi, þar sem segja má, að vagga badmintoníþróttarinnar á Íslandi hafi staðið." (Ingimar Jónsson. 1976:28) En samkvæmt Árbók íþróttamanna (1952) þá hafði þó komið afturkippur í félagsstarfsemina og badmintoniðkun almennt í Reykjavík á þeim tíma sem heimsstyrjöldin og hernámið átti sér stað.

5.8.2. Vagga badmintoníþróttarinnar

Badmintonið hóf göngu sína í Stykkishólmi árið 1947 þegar Þorgeir Ibsen flutti í Hólminn. Hann hafði lært að leika badminton á Akranesi. Þorgeir var ekki íþróttakennari, en hann var mikil driffjöður bæði fyrir íþróttir og karlakórinn í Stykkishólmi. Það þótti því mikill fengur að fá hann til liðs við ungmennafélagið. Það má einnig nefna að Þorgeir kenndi grísk-rómverska glímu, en hún þótti nú alveg "allsvakaleg" að sögn Ágústar Bjartmars (12.01.1997). Í grísk-rómverskri glímu er nefnilega flest allt leyfilegt. Ekki voru þó allir jafn hrifnir af íþróttaiðkun unga fólksins. Sumum fannst þetta bara vera hálfgerð fíflalæti í unga fólkinu. Ágúst

Bjartmars (12.01.1997) talar um að þeir sem að stunduðu badminton hafi sjálfir þurft að fjármagna íþróttaiðkunina og leiguna á íþróttasalnum, þar sem ekki var um neina íþróttastyrki að ræða.

Íþróttaþjálfun unga fólksins var ekki reglubundin. Þetta var einungis hobbý að sögn Ágústar Bjartmars (12.01.1997) en ekki vinna- allt annað gekk fyrir. Oft á tíðum var ekkert hægt að æfa vegna mikillar vinnu. Æfingar byrjuðu oftast í október eða nóvember og þá var æft tvisvar í viku. Stundum hófust æfingar ekki fyrr en í janúar. Þegar fór að nálgast mótin þá fjölgaði æfingum á viku.

Að sögn Ágústar Bjartmars (12.01.1997) þá var það Ólafur Guðmundsson (sveitastjóri og síðar bankastjóri í Stykkishólmi) sem var duglegur að reyna að ná í fróðleik fyrir íþróttafólkið úr ýmsum bókum. Hann fékk oft enskar bækur sem fjölluðu um íþróttir. Einnig náði Ólafur sambandi við aðila á Englandi þannig að félagar Snæfells gátu sjálfir flutt inn fjaðrabolta. Þessir fjaðurboltar voru bæði ódýrari og betri heldur en þeir sem fengust í Reykjavík. Fjaðurboltarnir vöktu mikla hrifningu gestanna á fyrsta Íslandsmótinu sem haldið var í Stykkishólmi 1950. Þetta var þó annað Íslandsmótið sem haldið var á Íslandi. Fyrir utan það að eiga sína eigin fjaðurbolta þá þurftu þeir sem æfðu badminton einnig að eiga sína eigin badmintonspaða þar sem ekki var til mikið af áhöldum íþróttahúsinu.

Þegar badmintonið var að byrja í Hólminum 1947 þá bauð Snæfell félögum í TBR að koma og spila gegn þeim í Stykkishólmi. Að sögn Ágústar Bjartmars (12.01.1997) þá voru þetta átta menn sem mættu frá TBR, en gestirnir unnu auðvitað alla leikina þar sem að þeir voru búnir að æfa lengur heldur en heimamennirnir. Hólmararnir voru þó ungir og bjartsýnir. Ólafur Guðmundsson, sem var elstur af leikmönnum Snæfells, spurði því leikmenn TBR hvað þeir héldu að þeir þyrftu mörg ár til þess að verða jafn góðir og þeir. Jón Jóhannesson, upphafsmaður TBR, svaraði fyrir hönd þeirra að miðað við þá myndu þeir þurfa svona 8 til 10 ár. Ungu drengjunum hjá Snæfelli fannst það nú allt of langur tími svo að á næstu æfingu þá var það ákveðið að þeir myndu bara æfa oftar í viku. Þeir bættu því við einni æfingu á viku. Að vera á toppnum um fertugt fannst þeim ekki raunsætt. Þeir fengu síðan leiðsögn frá Þorgeiri Ibsen. Ári síðar, þ.e. 1948 býður Snæfell TBR aftur til leiks í Hólminum og þá unnu heimamenn alla leikina nema einn. Þeir hjá TBR urðu auðvitað alveg agndofa og spurðu hvað hefði eiginlega gerst. Snæfellingarnir svöruðu um hæl að ef að þeir hjá TBR hefðu ekki sagt við þá árið áður að þeir myndu þurfa svona 8 til 10 ár þá hefðu þeir tapað öllum leikjunum aftur. Þarna sést því glögglega að það er æfingin sem að skapar meistarann.

5.8.3. Íslandsmót

Fyrsta innanfélagsmótið á vegum Snæfells var haldið 1948, en þeir sem unnu það fengu að fara á Íslandsmeistaramótið í badminton sem haldið var í Reykjavík 1949 samkvæmt Árbók íþróttamanna (1952). Fjórir keppendur voru frá Snæfelli á Íslandsmeistaramótinu að sögn Ágústar Bjartmars (12.01.1997), en það var haldið í háskólanum. Þar voru þátttakendur einungis piltar. Enginn af Snæfellsstrákunum varð Íslandsmeistari, en Ágúst spilaði úrslitaleik við Einar Jónsson. Meistarar urðu í einliðaleik Einar Jónsson ÍR og í tvíliðaleik Guðjón Einarsson og Friðrik Sigurbjörnsson TBR.

Árið 1949 fór fram annað innanfélagsmót í Stykkishólmi fyrir Íslandsmótið sem nú átti að halda í Stykkishólmi vorið 1950. Á þessu öðru Íslandsmóti sem fram fór í Stykkishólmi 1950 voru þátttakendur bæði konur og karlar, samtals 23. Keppendur voru frá fjórum félögum samkvæmt Árbók íþróttamanna (1952) þ.e. UMF. Snæfelli, TBR, ÍR og Íþróttabandalagi Akureyrar. Hólmarar fengu tvo meistaratitla þetta árið. Ágúst Bjartmars vann einliðaleik karla og Halla Árnadóttir einliðaleik kvenna. Ungmennafélagið mátti því vera stolt af sínu fólki. Þau Ágúst og Halla náðu síðan bæði að verja Íslandsmeistaratitilinn 1951. Sú keppni var háð í Reykjavík í íþróttahúsi ÍBR (Íþróttabandalag Reykavíkur) í Hálogalandi. Úrslit mótsins urðu samkvæmt Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953):

Einliðaleikur:
Ágúst Bjartmars, UMF. Snæfell.
Halla Árnadóttir, UMF. Snæfell.

Tvíliðaleikur:
Ágúst Bjartmars og Ólafur Guðmundsson, UMF. Snæfell.
Unnur Briem og Jakobína Jósefsdóttir, TBR.

Tvenndarkeppni:
Halla Árnadóttir og Þorgeir Ibsen, UMF. Snæfell.

Þegar úrslit mótsins eru skoðuð þá er ekki hægt að segja annað en að árið 1951 hafi verið þeim Snæfellingum nokkuð gott. Þó svo að árið áður hafi einnig verið mjög gott, þá fengu Snæfellingarnir fleiri meistaratitla þetta árið.

Árið 1952 fengu Hólmararnir Íslandsmótið aftur vestur. Það voru þó badmintonspilararnir sjálfir sem áttu mestan þátt í því að svo varð, en ekki ungmennafélagið. Íþróttagreinin var einnig orðin mun sterkari en hún hafði verið. Samkvæmt Árbók íþróttamanna (1953) voru þátttakendur orðnir um 50 og einnig var farið að kenna dálítið badminton í íþróttatímum unglingaskólans. Félagið kaus sér nefnd sem átti að sjá um alla skipulagningu og framkvæmd mótsins. Mótið var síðan haldið 12.-13. apríl 1952. Félagið hafði fengið til liðs við sig Pétur Thomsen ljósmyndara til þess að taka bæði ljósmyndir og kvikmynd af keppninni. Kvikmyndin er til enn í dag og er í vörslu ungmennafélagsins. Keppendur á mótinu voru mun fleiri frá Snæfell en TBR eða 11 á móti 3. Mótið vakti mikla athygli í bænum, einkum seinni daginn þegar úrslitin áttu að fara fram. Þá urðu margir frá að hverfa því ekki var nóg pláss fyrir alla. Húsið var heldur ekki mjög stórt og því ekki pláss fyrir áhorfendur nema meðfram línum vallarins. Það var mikil keppni í leikjunum. TBR var komið með nýjan spilara frá Danmörku sem var vanur að spila badminton. Það var Wagner Walbom Ottóson, en hann vann Íslandsmeistaratitilinn af Ágústi Bjartmars sem að hafði verið meistari síðastliðin tvö ár. Það urðu einnig óvænt úrslit í einliðaleik kvenna. Þar höfðu flestir búist við sigri Höllu Árnadóttur frá Snæfelli. En þá kom fram ung og efnileg stúlka Ebba Lárusdóttir, einnig frá Snæfelli, og vann hún Íslandsmeistaratitilinn. Í tvíliðaleik karla náði TBR einnig Íslandsmeistaratitili af Hólmurunum, en það voru Wagner Walbom (Vagn Ottósson) og Einar Jónsson sem unnu fyrrverandi Íslandsmeistara. Í tvíliðaleik kvenna snérist dæmið aftur á móti við því þar náðu Hólmararnir titlinum af TBR, en það voru þær stöllur Halla Árnadóttir og Gréta Zimsen sem unnu Íslandsmeistarana og þar með Íslandsmeistaratitilinn. Tvenndarkeppnina unnu síðan Wagner Walbom og Unnur Briem, en þau Halla Árnadóttir og Þorgeir Ibsen höfðu verið Íslandsmeistarar árið áður. Valdir voru 8 einstaklingur til þess að taka þátt í Íslandsmeistaramótinu 1953, en þetta var það fimmta í sögunni. Mótið var haldið í Reykjavík í íþróttahúsinu í Hálogalandi dagana 2. og 3. maí samkvæmt Árbók íþróttamanna (1954) og voru þátttakendur 23, þ.e. 7 frá U.M.F. Snæfelli og 16 frá TBR. Úrslit mótsins urðu þannig samkvæmt Árbók íþróttamanna (1954):

Einliðaleikur:
Ebba Lárusdóttir, U.M.F. Snæfell.
Vagn Ottósson, TBR.

Tvíliðaleikur:
Ebba Lárusdóttir og Ingveldur Sigurðardóttir, U.M.F. Snæfell.
Einar Jónsson og Vagn Ottósson, TBR.

Tvenndarkeppni:
Unnur Briem og Vagn Ottósson, TBR.

Það sem er sagt hafa vakið hvað mesta athygli á þessu móti voru þeir yfirburður er Stykkishólmsstúlkurnar höfðu og ekki síður yfirburðir Vagns Ottóssonar. Í Árbók íþróttamanna (1954) er greint frá því að dagblaðið Vísir 4/5 1953 hafi birt eftirfarandi: "Vagn Ottósson bjargaði heiðri Reykvíkinga með frábærum leik," og "án hans er hætt við, að Reykvíkingar hefðu orðið að láta í minni pokann."

Árið 1954 fór Íslandsmótið fram í Reykjavík í KR-húsinu. Í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1954-1968) kemur fram að Snæfell hafi sent sex keppendur þau Ágúst Bjartmars, Bjarna Lárenzíusson, Ebbu Lárusdóttur, Ólaf Guðmundsson, Þorgeir Ibsen og Rögnu Hansen. Snæfell fékk þá tvo meistaratitla. "Ebba Lárusdóttir varð Íslandsmeistari í einliðaleik kvenna í þriðja sinn í röð og vann til eignar bikar sem Sigurður Ágústsson gaf árið 1950." (Árbók íþróttanefndar U.M.F. Snæfell. 1954-1968) Einnig varð Ebba ásamt Rögnu Hansen Íslandsmeistari í tvíliðaleik kvenna. Þetta var því einnig í þriðja sinn í röð sem Snæfell fékk Íslandsmeistara í tvíliðaleik kvenna.

Hólmarar sáu um að halda Íslandsmót um páskana 1955. Það kemur fram í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1954-1968) að sex piltar og fimm stúlkur hafi æft reglulega eða fimm sinnum í viku fyrir Íslandsmótið. Sjö tóku síðan þátt í mótinu fyrir hönd Snæfells. Félagið hlaut aftur tvo Íslandsmeistara. Ebba Lárusdóttir varð aftur meistari í einliðaleik kvenna í fjórða sinn í röð, en hún hafði áður orðið meistari 1952, 1953 og 1954. Hún varð Íslandsmeistari eftir að hafa sigraði Rögnu Hansen í úrslitaleiknum. Þær Ragna og Ebba urðu svo aftur Íslandsmeistarar í tvíliðaleik kvenna er þær sigruðu Ellen Mogensen og Halldóru Thor. TBR.

Árið 1956 var Íslandsmeistaramótið haldið í Reykjavík í KR-húsinu. Þetta var eftirminnilegt mót í hugum margra. Nú var í fyrsta skipti keppt í bæði meistaraflokki karla og 1. flokki karla á Íslandsmeistaramóti. Það sem var hvað merkilegast við Íslandsmeistara mótið var það að nú fékk Snæfell loks aftur Íslandsmeistara í einliðaleik karla. Wagner Walborn hafði unnið titilinn síðastliðin fjögur ár þ.e. 1952, 1953, 1954 og 1955 svo nú var komið að Ágústi Bjartmars að reyna að ná titilinum sem og hann gerði. Það virtust ekki allir vera jafn sáttir við úrslitin þannig að viku síðar varði Ágúst titilinn, en þá á heimavelli. Ágúst vann síðan Walborn í þriðja sinn er þeir kepptu í bæjarkeppni milli liðanna 1957 í Stykkishólmi. Þannig að Ágúst var mjög sterkur á þessum tíma og vann hvern sigurinn á eftir öðrum.

Næsta Íslandsmeistaramót þ.e. 1957, sem einnig fór fram í Reykjavík fékk UMF. Snæfell einungis einn Íslandsmeistara samkvæmt Ingimari Jónssyni (1976). Það var Ebba Lárusdóttir sem varð Íslandsmeistari í einliðaleik kvenna.

Það er því miður lítið til um næstu ár í sögu badmintonsins í Hólminum. Þó má lesa í bók Ingimars Jónssonar (1976) að 1958 hafi Ágúst Bjartmars orðið Íslandsmeistari í einliðaleik karla svo og árið 1959. Aftur á móti verða breytingar í úrslitum í einliðaleik kvenna því þar varð Hansa Jónsdóttir, Snæfell, Íslandsmeistari 1958. En Jónína Níeljóhníusdóttir varð meistari næstu tvö ár 1959 og 1960. Síðasta Íslandsmótið sem Snæfell tók þátt í var 1960. Eftir það fór að draga úr badmintoniðkun í Hólminum einkum þar sem margir voru fluttir burt. Þar á meðal voru Þorgeir Ibsen og Ólafur Guðmundsson, en þeir höfðu báðir verið miklar driffjaðrir fyrir badmintoníþróttina í Stykkishólmi.

5.8.4. Innanfélagsmót

Það má með réttu segja að 11. apríl 1948 hafi verið merkilegur dagur í sögu félagsins því þá var haldið fyrsta innanfélagsmótið á vegum Snæfells í badminton eins og hefur komið fram fyrr í þessum kafla. Þetta var um leið fyrsta mótið sem fram fór í íþróttahúsinu. Innanfélagsmótin voru alltaf haldin fyrir Íslandsmeistaramótin. Á innanfélagsmótunum voru valdir keppendur sem fara skyldu fyrir hönd Snæfells á næsta Íslandsmeistaramót. Þessi mót virðast samkvæmt Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953) hafa verið mjög formleg. Lúðrasveitin spilaði yfirleitt nokkur lög í upphafi, en síðan gengu keppendurnir inn í

salinn fylktu liði og var fánaberi í broddi fylkingar. Síðan röðuðu keppendur sér upp og mótið var formlega sett. Að því loknu gat keppni hafist. Það fór oftast vika í innanfélagsmótin, þ.e.a.s. undankeppnin var fyrri helgina en úrslitin viku síðar. Keppt var í sömu greinum og á Íslandsmeistaramóti, þ.e. einliðaleik, tvíliðaleik og tvenndarleik. Bæði karlar og konur gátu keppt á þessum mótum. Síðasta innanfélagsmótið sem getið er um í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1954-1968) var haldið 1955.

Úr myndasafni UMF. Snæfells. Á myndinni má sjá setningu innanfélagsmóts á vegum félagsins.

Í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953) kemur fram að það hafi tíðkast allt frá 1951 að karlarnir sem æfðu badminton hjá félaginu þyrftu að keppa um það hverjir skyldu vera í meistaraflokki og 1. flokki. Í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1954-1968) sést einnig að það hafi ekki verið keppt í báðum þessum flokkum á innanfélagsmóti fyrr en 1954. Sama ár kepptu 1. flokkur TBR og

Snæfells í fyrsta sinn sín á milli í Stykkishólmi með sigri Snæfells. Á því móti afhentu félagar TBR Hólmurunum verðlaunabikar sem að keppt skyldi um í 1. flokki. Það var þó ekki fyrr en 1956 sem keppt var í 1. flokki á Íslandsmeistaramóti.

5.8.5. Bæjarkeppni

Í Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells (1951-1953, 1954-1968) er fjallað um bæjarkeppnir sem haldnar voru á milli Reykjavíkur og Stykkishólms. Fyrsta bæjarkeppnin sem háð var milli Stykkishólms og Reykjavíkur var haldin 22.júní 1952. Keppnin fór fram í íþróttahúsinu í Hálogalandi í Reykjavík. Þessi keppni var haldin vegna 40 ára afmælis ÍSÍ (Íþróttasamband Íslands). Það voru sex konur og sex karlar sem að æfðu markvisst á vegum Snæfells fyrir þessa keppni. Á mótinu sjálfu voru sex karlar og fjórar stúlkur sem kepptu fyrir hönd hvors félags, þ.e. TBR og UMF. Snæfells samkvæmt Árbók íþróttamanna (1953). Keppt var í öllum flokkum og voru alls leiknir 13 leikir. Fyrirliði Reykjavíkurliðsins var Þorvaldur Ásgeirsson, en fyrirliði Stykkishólmsliðsins var Ólafur Guðmundsson. Úrslit þessarar fyrstu bæjarkeppni voru þau að Reykjavík vann með 8 stigum gegn 5 stigum UMF. Snæfells. Önnur bæjarkeppni var ekki haldin fyrr en 18. apríl 1957 í Stykkishólmi. Þá voru það Hólmararnir sem fengu hærri hlut og unnu 10 leiki af 16.

5.8.6. Samantekt

Eins og sjá má þegar lesið er yfir kaflann um badmintonið þá hefur félagið verið mjög öflugt á þessum tíma. Þetta var þó mikið til alltaf sama fólkið sem var að keppa þessi ár sem badmintonið var hvað öflugast, en þó komu nokkrir nýir inn. Það var Þorgeir Ibsen sem kenndi badmintonið í byrjun, en það kom þó líka fyrir að það kæmu kennarar. Einn þeirra var Jörgen Bach en hann var danskur. Hann kom og var með námskeið 1953 á vegum ÍSÍ. Samkvæmt Fundargerðarbók UMF. Snæfells (1938-1953) þá greiddu TBR og UMF. Snæfell í sameiningu niður kostnaðinn af komu hans. Þarna sést vel hversu dugleg félögin voru að reyna að auka getu leikmanna sinna. Leikmenn þurftu þó sjálfir að greiða eitthvert þátttökugjald. Þeir sem æfðu badminton á þessum tíma gerðu líka allt til þess að geta verið með því það var ekki oft sem svo gott tækifæri bauðst til þess að fá góða

leiðsögn. Í Árbók íþróttamanna (1954) er talað um að badmintoniðkendur hafi haft mjög mikið gagn af komu J. Bach, en hann var bæði áhugasamur kennari og fjölhæfur badmintonleikari. J. Bach kom í byrjun febrúar og dvaldi hér í mánaðartíma. Hann kenndi í viku á vegum UMF. Snæfells.

LOKAORÐ

Þá er komið að lokum þessarar ritgerðar. Þegar ég var búin að ákveða hvað mig langaði að skrifa um og ætlaði að fara að afla mér heimilda þá leit nú ekkert allt of vel út að það yrði neitt verða úr þessu. Ástæðan var sú að það var ekki vitað hvar bækurnar væru, en þær fundust þó sem betur fer. Þeir Gunnar Svanlaugsson og Grétar Pálsson eiga þakkir fyrir það. Þetta gerði mér síðan mögulegt að halda áfram með það efni sem ég hafði ákveðið að taka fyrir. Það voru allir hjálplegir hvar sem ég kom og vil ég að því tilefni einnig þakka þeim einstaklingum, sem veittu mér munnlegar heimildir kærlega fyrir aðstoðina.

Að lokum er ekki hægt að segja annað en að félagið hafi verið mikilvægur þáttur fyrir þetta litla bæjarfélag á þessum tíma. Það bæði kom upp góðri aðstöðu til íþróttaiðkunar þ.e. kom upp íþróttahúsi, íþróttavelli og sundlaug og átti góða íþróttamenn, þá ekki síst í badmintoninu. Það eru ekki mörg bæjarfélög úti á landi sem að hafa átt jafn marga Íslandsmeistara og Snæfell átti á þessum tíma. En þetta sýnir okkur þó glögglega hversu mikilvægt það er fyrir þessi litlu félög úti á landi að hafa íþróttafólk sem er hvetjandi og hefur áhuga á því sem það er að gera, því að þannig verður árangurinn bestur. Þetta var ekki bara mikilvægt hér á árum áður heldur er þetta mikilvægt enn í dag.

Björg Ólöf Sigurþórsdóttir

HEIMILDASKRÁ

Prentaðar heimildir

* Brynjólfur Ingólfsson. 1955. Frjálsar íþróttir. *Árbók íþróttamanna 1954.* Reykjavík, Prentsmiðjan Hólar h.f.

* Friðrik Sigurbjörnsson. 1953. Ágrip af badmintonsögu Íslands. *Árbók íþróttamanna 1952.* Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

* Friðrik Sigurbjörnsson. 1954. Badminton 1952. *Árbók íþróttamanna 1953.* Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

* Friðrik Sigurbjörnsson. 1955. Badminton. *Árbók íþróttamanna 1954.* Reykjavík, Prentsmiðjan Hólar h.f.

* Ingimar Jónsson. 1976. *Íþróttir a-j.* Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins.

* Lúðvík Kristjánsson. 1986. Glíma og glímufélög á Snæfellsnesi. *Breiðfirðingur* 4.árg. Reykjavík, Breiðfirðingafélagið.

* Ólafur Þ.Kristjánsson. 1985. *Kennaratal á Íslandi I og II.* Reykjavík, Prentsmiðjan Oddi hf. .

* Pálmi Frímannsson. 1988. *50 ára afmæli Ungmennafélagsins Snæfells.* Stykkishólmur, UMF. Snæfell.

Óprentaðar heimildir

* *Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells* (Fundargerðarbók). 1951-1953.

* *Árbók íþróttanefndar UMF. Snæfells* (Fundargerðarbók). 1954-1968.

* *Fundargerðarbók UMF. Snæfells.* 1938-1953.

* *UMF. Snæfell* (Reglur félagins). 1938.

* *Þórólfur Mostraskegg* (Félag ungra manna Stykkishólmi). 1937-1938. Lög, nafnaskrá, gjörðabók.

Munnlegar heimildir

* Ágúst Bjartmarsson (húsasmiður / kennari við Grunnskólann í Stykkishólmi og badmintonspilari). Saga og badminton UMF. Snæfells. 12.02./10.03. 1997.

* Hermann Guðmundsson. (rafvirkjameistari og félagi í UMF. Snæfell). Sund í Stykkishólmi. 04.04.1997.

* Inga Bjartmars (verslunarmaður og félagi Perlanna). Saga stúlknafélagsins Perlanna. 17.01.1997.

* Ingveldur Sigurðardóttir (kennari við Grunnskólann í Stykkishólmi og badmintonspilari). Saga og badminton UMF. Snæfells. 22.01.1997.

* Lárus Kr. Jónsson. (klæðskeri og fyrrverandi félagi Þórólfs Mostraskegg). Saga Þórólfs Mostraskegg. 17.01.1997.

* Sigurþór Guðmundsson. (Rafvirkjameistari og félagi í UMF. Snæfelli). Skíðaganga í Stykkishólmi. 08.03.1997.